

GJALDSKRÁ

fyrir Hirðu, móttöku- og flokkunarstöð úrgangs í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Innheimt verður fyrir móttöku úrgangs sem hér segir:

Almenningur greiðir einungis fyrir úrgang sem ekki getur talist falla til við daglegan heimilisrekstur. Það á t.d. við um:

Úrgang frá byggingu eða breytingu íbúðarhúsnæðis og lóða, s.s timbur, grófur og blandaður úrgangur.

Rekstraraðilar greiða fyrir móttöku alls úrgangs að undanskildum þeim úrgangsflokkum sem bera úrvinnslu- eða skilagjald.

Stærð farms:	0,25 (1/4) m ³	0,50 (1/2) m ³	0,75 (3/4) m ³	1 m ³
Gjald:	1.210 kr.	2.400 kr.	3.600 kr.	4.800 kr.

Starfsmaður Hirðu metur magn úrgangs og skrifar nótum á staðnum, þar sem hann og komuaðili kvitta báðir fyrir magn og gerð úrgangs.

2. gr.

Úrgangur án gjalda flokkaður án aðskotahluta.

Almenningur getur skilað eftirtöldum flokkuðum úrgangi í lúgur á girðingu Hirðu hvenær sem er sólarhrings, gjaldfrítt:

- a. Pappír, dagblöðum, tímaritum, auglýsingabæklingum, skrifstofupappír, umslögum og prent-pappír (ekki brúnum bréfpokum).
- b. Umbúðum úr sléttum pappa, t.d. fernen, morgunkornspökum, kartonpappír, brúnum bréfpokum, hólkum innan úr salernispappír, eldhúspappír og eggjabökkum úr pappa.
- c. Hörðu plasti, sjampóbrúsum, tómatsósbrúsum, skyrdósum, plastbökkum undan matvælum, töppum og lokum (skilist lausum ekki skrúfuðum á).
- d. Mjúku plasti, plastfilmu, plastpokum ýmiss konar, t.d. utan af brauði, harðfiski o.fl.
- e. Bylgjupappa, pappakössum, pizzakössum o.fl.
- f. Málmum, niðursuðudósum, álpappír, álboxum af sprittkertum, lokum og töppum o.fl.
- g. Gleri/postulíni, smærri hlutum, s.s. brotnum blómapottum, glerbrotum o.fl.

Úrgangur skal vera án aðskotahluta og skola og hreinsa þarf burt allar efnaleifar áður en skilað er í lúgur. Áriðandi er að minnka ummál umbúða með því að brjóta saman fernur, öskjur og kassa.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 30. nóvember 2017 samkvæmt ákvæðum samþykktar um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu Húnaþingi vestra nr. 633/2012 og skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

4. gr.

Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2018. Jafnframt er felld brott gjaldskrá sama efnis nr. 1026/2016.

Hvammstanga, 30. nóvember 2017.

Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri.